

Sp.
um kjarnorkumál.

359. Þingsályktun

[20. mál]

(Afgreidd frá Sp. 8. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rækilega athugun á því, hverjir möguleikar eru til hagnýtingar kjarnorku og geislavirkra efna hér á landi í þágu atvinnuveganna og til lækninga, og gera ráðstafanir til, ef heppilegt þykir að athuguðu máli, að rannsóknaráð ríkisins fylgist með nýjungum í þeim efnum og hafi með höndum rannsóknir og forgöngu um framkvæmdir, eftir því sem gagnlegt þykir og viðuráðanlegt er.